



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands  
B.t. Helga Helgasonar, heilbrigðisfulltrúa  
Innrímel 3  
301 Akranes

Akranesi, 27. nóvember 2018

1811193 SA

**Efni: Gjaldskrár vegna hunda- og kattahalds á Akranesi – Umsagnarbeiðni**

Við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2019 og þriggja ára áætlunar 2020 – 2022 samþykkti bæjarstjórn Akraness við fyrri umræðu þann 13. nóvember síðastliðinn hækkun á almennum þjónustugjaldskráum kaupstaðarins um 2,9% sem tiki gildi 1. janúar 2019. Hækkunin er miðuð við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. júní síðastliðnum um áætlaða vísitöluhækkun á milli árunna 2018 og 2019. Rétt er að geta þess að samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofunnar frá 2. nóvember síðastliðnum er gert ráð fyrir að vísitöluhækkunin verði 3,6% en bæjarstjórn Akraness ákvað að halda óbreyttum gjaldaforsendum og miða við 2,9%.

Gjaldskrár um hunda- og kattahalda voru teknar fyrir sérstaklega og samþykktar í bæjarstjórn en stuðst var við framangreint viðmið (2,9%) þó einstaka frávik séu í fjárhæðum gjaldskrána vegna námundunar. Engar efnislegar breytingar eru lagðar til á viðkomandi gjaldskráum né á þeim samþykktum nr. 781/2010 og 782/2010 sem gjaldkrárnar byggja á.

Síðari umræða bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar verður þriðjudaginn 11. desember næstkomandi og ekki eru fyrirhugaðar neinar breytingar varðandi gjaldskrár um hunda- og kattahald á Akranesi.

Með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er óskað umsagnar heilbrigðisnefndar um gjaldskrárnar. Ef óskað er frekari skýringar veitir undirritaður þær fúslega.



## Akraneskaupstaður

Óskað er að umsögn berist svo fljótt sem auðið er eftir umfjöllun nefndarinnar því birta þarf gjaldskrárnar í Stjórnartíðindum fyrir áramót.

Viðringarfyllst,



sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Fylgigögn:

1. Sundurliðunarbók (áætlun 2019) um eftirlit með hunda- og kattahaldi (deild 08750)
2. Drög að gjaldskrá fyrir hundahald vegna ársins 2019.
3. Drög að gjaldskrá fyrir kattahald vegna ársins 2019.